

AUGLÝSING
um starfsreglur um breytingu á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

„STARFSREGLUR
um breytingu á starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007.

1. gr.

Við 3. gr. starfsreglna nr. 1026/2007 um skipulag kirkjunnar í héraði bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Forsætisnefnd kirkjuþings metur hvort tillögur samkvæmt þessari grein séu tækar til efnismeðferðar á þinginu. Þá metur forsætisnefnd einnig, að höfðu samráði við biskupafund, hvort breytingartillögur á kirkjuþingi við slíkar tillögur séu þess efnis að þær skuli fá þá meðferð í héraði, sem fyrir er mælt í greininni, áður en þær geti komið til afgreiðslu á kirkjuþingi. Verði sú raunin annast kirkjuráð framkvæmd þessa og sendir flutningsmönnum breytingartillagna þær umsagnir um þær, sem fram koma í héraði. Flutningsmenn geta þá búið málið til kirkjuþings að nýju án afskipta biskupafundar.

2. gr.

Starfsreglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar og öðlast gildi 1. desember 2010.

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 25. nóvember 2010.

Pétur Kr. Hafstein, forseti kirkjuþings.“

F.h. kirkjuráðs, 25. nóvember 2010,

Guðmundur Þór Guðmundsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs.